

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 11. apríl 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-83/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. nóvember 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á hljómtækjasamstæðu ásamt viðbótartryggingu til þriggja ára af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að fimm ára tilkynningarfreftur eigi við um hljómtækjasamstæðuna og krefst endurgreiðslu fyrir kaup á viðbótartryggingunni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 13. nóvember 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna freftur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 6. apríl 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Þann 28. mars árið 2011 festi álitsbeiðandi kaup á hljómtækjasamstæðu af gerðinni Philips Micro af seljanda fyrir 29.995 krónur. Að auki festi álitsbeiðandi kaup á viðbótartryggingu fyrir hljómtækjasamstæðuna til þriggja ára fyrir 4.399 krónur.

Álitsbeiðandi sættir sig ekki við að hafa fengið aðeins þriggja ára viðbótartryggingu þegar „hún er í raun tryggð í 5 ár“ að sögn álitsbeiðanda. Telur álitsbeiðandi að umþrætt viðbótartrygging sé óþörf þar sem kaupin eigi undir fimm ára tilkynningarfreft samkvæmt neytendakaupalögum.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að hann fái trygginguna endurgreidda ásamt dráttarvöxtum.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði sér greiðslu sem hann innti af hendi vegna þriggja ára viðbótartryggingu fyrir hljómtækjasamstæðu álitsbeiðanda að fjárhæð 4.399 krónur þar sem álitsbeiðandi telur að fimm ára kvörtunarfrestur eigi við um hljómtækjasamstæðuna.

Í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) er mælt fyrir um tilkynningarfrefti vegna galla á söluhlut, en þar segir:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.“

Fimm ára kvörtunarfrestur vegna galla á við um þá söluhluti sem ætlað er verulega lengri ending en almennt gerist um söluhluti og álitur kærunefndin að það geti átt við um hljómflytningstæki líkt og það sem álitsbeiðandi festi kaup á af seljanda. Álitsbeiðandi hefur ekki byggt á því fyrir kærunefndinni að umþrætt hljómtækjasamstæðan sé haldin galla í skilningi neytendakaupalaga en telur eigi að síður að fimm ára kvörtunarfrestur eigi við um galla á slíkum tækjum. Álitsbeiðandi tók þá ákvörðun að festa kaup á viðbótartryggingu til þriggja ára af seljanda fyrir 4.399 krónur en slík trygging hlýtur eðli málsins samkvæmt að eiga við um skemmdir eða bilanir á tækinu sem ekki eru verndaðar af gallahugtaki neytendakaupalaganna og eiga þar af leiðandi ekki undir lögbundinn fimm ára tilkynningarfrest samkvæmt lögnum. Er því aðeins um viðbótartryggingu að ræða en ekki tryggingu vegna galla í skilningi neytendakaupalaga.

Álitsbeiðandi sendi álitsbeiðni til kærunefndarinnar þann 10. nóvember 2017 eða um það bil sex og hálfu ári eftir að hann festi kaup á hljómflytningssamstæðunni og viðbótartryggingunni. Lögbundinn tilkynningarfrestur samkvæmt 2. mgr. 27. gr. nkpl. er því liðinn. Kærunefndinni er því ekki annað fært en að hafna kröfu álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson